


Málþing Ríó+20– Skúli Helgason apríl 2012

EFLING GRAÆNS HAGKERFIS Á ÍSLANDI

SJÁLFBÆR HAGSÆLD – SAMFÉLAG TIL FYRIRMYNDAR

Af hverju grænt hagkerfi?

- Græn atvinnustarfsemi er forsenda en ekki andstæða verðmætasköpunar á 21. öldinni.
- Græn atvinnustefna skapar jafnvægi milli náttúruverndar og nýtingar náttúruauðlinda og er rökrétt stefna út frá mikilvægi íslenskrar náttúru, t.d. fyrir sjávarútveg og ferðapjónustu.
- Eftirspurn eftir grænni orku fer vaxandi og sérþekking Íslendinga á orkumálum er eftirsótt.
- Íslendingar hafa eitt hæsta vistspor sem þekkist í heiminum
- Þetta er í stjórnarsáttmálanum!



Hvað er grænt hagkerfi?

Í grænu hagkerfi er áhersla lögð á atvinnustarfsemi sem dregur úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda, stuðlar að bættri nýtingu orku og auðlinda og kemur í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og þjónustu vistkerfa.

Í stuttu máli einkennist **grænt hagkerfi** af aukinni verðmætasköpun á sama tíma og dregið er úr álagi á náttúruna.

Grænt hagkerfi er leið til sjálfbærrar þróunar.



Hvað eru græn störf?

A Störf í grænum greinum

Störf í fyrirtækjum eða stofnunum sem framleiða vörur eða veita þjónustu sem eru til hagsbóta fyrir umhverfið eða stuðla að verndun náttúruauðlinda.

B Störf við grænkun

Störf þar sem skyldur starfsmanna felast meðal annars í því að gera framleiðsluferla viðkomandi starfsstöðvar umhverfisvænni og síður ágenga gagnvart náttúrunni.



Hvar eru grænu störfín?

- Umhverfistækni
- Lífræn framleiðsla
- Vistvænn sjávarútvegur
- Græn ferðapjónusta
- Vistvæn hönnun
- Sjálfbær skógrækt o.s.frv.



Framtíðarsýn fyrir Ísland

Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni.




Stefna

- Ríkið verði fyrirmynd og skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi
- Grænum störfum verði fjölgað
- Hagrænum hvötum beitt til að ýta undir græna atvinnustarfsemi
- Áhersla verði lögð á umhverfisvænar fjárfestingar



Stefna

- Mengunarbótareglan verði forsenda gjaldtöku
- Varúðarreglan verði hluti af efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda
- Aukin fræðsla um sjálfbæra þróun og umhverfismál
- Grænt hagkerfi landsins verði grunntónn í kynningu landsins.



Helstu áherslusvið tillagna

- Ríkið sem fyrirmynd
- Stefnumótun, greining, umbætur á stjórnkerfi
- Atvinnusköpun og fjárfestingar
- Hagrænir hvatar og ívilnanir
- Græn bylting hugarfars




Ríkið sem fyrirmynd

- Efling græns hagkerfis verði forgangsverkefni í atvinnustefnu stjórnvalda og vistað í forsætisráðuneyti.
- Sjálfbær þróun verði hluti af lögboðnum hlutverkum opinberra stofnana.
- Alþingi og stjórnarráð taki upp markvisst umhverfisstarf.
- Aukin áhersla á vistvæn innkaup ríkisins. Hlutfall vistvænna útboða hækki í 50% árið 2015 og 80% árið 2020.
- Ísland staðfesti viðauka VI við MARPOL samninginn um varnir gegn mengun frá skipum og efnahagslögsaga Íslands verði lýst sérstakt mengunareftirlitssvæði.



Bætt greining og stefnumótun

- Framfarastuðull (GPI) verði reiknaður samhliða vergri landsframleiðslu (VLF).
- Vistvæn orkunýting verði skilgreind í eigendastefnu sem ein af meginforsendum opinberra orkufyrirtækja við val á orkukaupendum.
- Kostnaðar- og ábatagreining verði hluti af umhverfismati áætlana og framkvæmda.
- Úttekt gerði á eftirfylgni opinberra aðila með áætlunum um sjálfbæra þróun og umhverfismál.



Græn störf og fjárfestingar

- Efnt verði til fimm ára átaks um að laða til landsins erlendar fjárfestingar á sviði **grænnar atvinnustarfsemi**.
- Hafinn verði undirbúningur að stofnun **græns fjárfestingarsjóðs** með þátttöku innlendra og erlendra fjárfesta.
- Stofnaður verði **Grænn samkeppnissjóður** innan Tæknipróunarsjóðs til að styrkja græna nýsköpun.
- Stjórnvöld móti framkvæmdaáætlun um eflingu lífrænnar framleiðslu hlutdeild vaxi í 15% árið 2020.
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði falið að móta aðferðafræði og ráðgjöf varðandi “grænkun” íslenskra **fyrirtækja**.



Hagrænir hvatar

- **Endurnýjanleg orka** til samgangna verði ekki skattlögð fyrr en hlutdeild hennar nær 20% af heildarorkunotkun í samgöngum.
- Lagt verði fram frumvarp um endurgreiðslur á hluta af kostnaði við innleiðingu vottaðrar umhverfisstjórnunarkerfa; við kaup á vottuðum vörum og þjónusta og við breytingar á bílum og skipum vegna orkuskipta.
- Fjármálaráðuneyti verði falið að útfæra nýjan tekjustofn, mengunargjöld, sem verði varið til endurgreiðslu á kostnaði fyrirtækja við bættar mengunarvarnir og í **græna** tækniþróun.
- Felldir verði niður tollar af reiðhjólum og tengdum vörum.



Græn bylting hugarfars

- Efnt verði til fræðsluátaks um raunkostnað mismunandi samgöngumáta og áhrif þeirra á heilsu.
- Samkomulag verði gert við aðila vinnumarkaðarins um að innleiða **samgöngustyrki** sem valkost við bílastyrki.
- Gerður verði langtímasamningur um stuðning ríkisins við Grænfánaverkefnið.
- Stofnaður verði Sjálfbærnifræðslusjóður til að efla menntun til sjálfbærrar þróunar.



Breytingartillögur Alþingis

- Unnið verði að framgangi skógræktar og vistheimtar með sjálfbæra nýtingu og bindingu kolefnis að leiðarljósi. Unnar verði skógræktar- og vistheimtaráætlanir til 20 ára.
- Stutt verði við verkefni sem stefni að sjálfbærri orkunýtingu í íslenskum landbúnaði og/eða framleiðslu orku úr hráefni sem verður til við landbúnaðarframleiðslu og á landbúnaðarjörðum.



Staða málsins

- Þingsályktunartillaga sem byggði á skýrslunni var samþykkt með 43 samhljóða atkvæðum 20. mars 2012
- Næsta skref er að forsætisráðuneytið móti tímasetta aðgerðaáætlun á grundvelli samþykktar Alþingis.
- Samstarf við sveitarfélög, atvinnulíf og almenning – Tilraunasveitarfélög í græna hagkerfinu?
- Forgangsröðun – áherslusvið.

